



Reykjavík, 13. maí 2024

MSS23050179

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** *Drög að umsögn velferðarráðs við aðgerðaáætlun um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum 2024-2026*

Á fundi forsætisnefndar 1. mars 2024 var samþykkt að vísa aðgerðaáætlun um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum“ til umsagnar hjá fagráðum Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið leggur til eftirfarandi umsögn um aðgerðaráætlunina:

### Umsögn:

Velferðarráð tekur undir mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sækir markvisst fram í alþjóðasamstarfi og þeim tækifærum sem felast í þátttöku í slíkum verkefnum. Tekið er undir þá áskorun að bæta þurfi stjórnarsýslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takt við þarfir borgarinnar og að auka þurfi vitund og áhuga á þeim tækifærum sem þátttaka í rannsóknaráætlun veitir.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum hjá velferðarsviði er sífellt að aukast. Nú eru yfirstandandi starfsspeglunarverkefni með styrki frá Erasmus + styrkjaáætlun ESB; annars vegar verkefni um þjónandi leiðsögn og hins vegar um heiðurstengt ofbeldi. Samstarfslönd í þessum verkefnum eru Holland og Danmörk. Einnig er Suðurmíðstöð fyrir hönd borgarinnar í „GreenIn cities“ í nánú samstarfi við Fjölbrautarskólann í Breiðholti/Fab Lab en verkefnið er hluti af Horizon áætlun ESB. Auk þess má nefna að Virknihús tók þátt í Norrænu samstarfsverkefni um atvinnuþátttöku jaðarsettra hópa styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Aðgerðaáætlunin fellur vel að öllum sjö stefnumarkandi áherslum velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Má sérstaklega nefna sjöundu stefnumarkandi áherslu velferðarstefnunnar, fagmennsku og framsýni, en undir þeirri stefnuáherslu er hvatt til samstarfs í takti við nýjustu þekkingu og tækni.

Íbúasamsetning borgarinnar í dag gerir kröfur á velferðarsvið fylgist með því sem er að gerast í málefnum margbreytileikans sem og nýjungum í velferðartækni svo fátt eitt sé nefnt og því einsýnt að þátttaka í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum verður sífellt mikilvægari.

Velferðarsvið er mikilvægur hlekkur í veitingu velferðarþjónustu í stærsta sveitarfélagi landsins. Því er mikilvægt að velferðarsvið taki þátt í alþjóðasamstarfi til að nýta tækifæri til þekkingaröflunar sem er markmið nr. 4 í alþjóðastefnu borgarinnar. Þekkingarmiðlun stuðlar að gagnkvæmum ávinningi, skilningi og aðlögunarhæfni borgarinnar og umhverfis líkt og kveðið er á um í alþjóðastefnunni.



Reykjavík



Varðandi markmið, aðgerðir og innleiðingu í aðgerðaáætluninni er rétt að geta þess að mikilvægt er að vitneskju um möguleg nýsköpunar- og þróunarverkefni sé miðlað til sviða borgarinnar. Því er mikilvægt að alþjóðahópur sem vinnur þvert á borgarkerfið sé skipaður fulltrúum allra sviða sem hafa tækifæri til að veita verkefnum þvert á svið og innan sviða brautargengi. Hlutverk miðlægrar einingar sem heldur utan um umsóknir og rekstur rannsóknar- og nýsköpunarverkefna er einnig mikilvægt en tryggja þarf samskipti milli þeirrar einingar og alþjóðahóps. Jafnframt er nauðsynlegt að þau verkefni sem svið Reykjavíkurborgar taka þátt í séu kynnt bæði innan borgakerfis sem utan. Tekið er undir aðgerð nr. 1 um mikilvægi þess að skipa starfshóp sem vinni nýjar verklagsreglur varðandi fjárumsóknar- og nýsköpunaráætlanir til að tryggja hámarksnýtingu og forðast sóun. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að velferðarsvið hýsi þau verkefni sem varða málaflokk sviðsins enda liggur sérhæfing á sviði velferðamála þar líkt og talið er fram í aðgerð nr. 3.

